# Landamerkjamál
# Reykjavík  Eiði & Lambastaðir 1885

Aðfnr. 1365, örk 4

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Lagt fram í yfirdóminum 3. apríl 1885 —
No 5.
Sveinbjörnsson

# Kristján Jónsson

sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu

**Kunngjörir:** Ár 1884, hinn 4. dag ágústmán. var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Mýrarhúsum, og haldinn af hinum reglulega dómara sýslumanni Kristjáni Jónssyni með vottunum Olafi Sigvaldasyni og Guðmundi Olafssyni. —

Var þá fyrir tekið málið: Bæjarstjórnin í Reykjavík
gegn
Eiríki Bjarnasyni
út af landamerkjum milli Eiðslands og Reykjavíkurlands.

Fyrir hönd stefnandans er mættur bæjarfógeti E. Th. Jonassen eptir fullmakt, dags. 17. f. m., er auðkennist No 1, svo hljóðandi:

Eptirrit

No 1.

Hjermeð gefur undirskrifuð bæjarstjórn Reykjavíkur herra bæjarfógeta E. Th. Jónassen umboð sitt til þess, að fá landamerkjadóm um mörk í landareign Reykjavíkur gagnvart jörðunum Lambastöðum og Eiði í Seltjarnarneshreppi og skal allt, sem velnefndur bæjarfógeti gjörir og fyrir tekur í þessu efni hafa sama gildi og kraft og bæjarstjórnin það sjálf gert hefði. —

Í bæjarstjórn Reykjavíkur 17. júlí 1884

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. L. E. Sveinbjörnsson. Þorl. O. Johnson. J. Þórðarson. P. O. Gíslason.

" " "

Að eptirrit þetta sje samhljóða frumritinu, votta jeg hjermeð notarialiter eptir nákvæman samanburð

E. Th. Jonassen

notarius publicus í Reykjavík.

Framlagt í aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu að Mýrarhúsum 4. ág. 1884

Kristján Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá framleggur hann No 2, stefnu, dags. 15. f. m.
með áteiknun dómarans frá 17. s. m. og No 3,
sáttakæru í málinu með áteiknun sátta=
nefndar og vísun til landslaga og rjettar.
Skjöl þessi hljóða þannig:

No 2:

Eggert Theodor Jonassen bæjarfógeti í
Reykjavík
Kunngjörir: að með því Eiríkur Bjarnason,
búandi að Eiði í Seltjarnarnesi ekki hefur
viljað kannast við takmörk þau milli
Reykjavíkurlands að austan og Eiðs lands
að vestan og norðan, er bæjarstjórn Reykjavíkur
álítur að vera hin rjettu, og með því Eiríkur
hefur í þessu tilliti algjörlega mótmælt landamerkja
lýsingu þeirri, sem tjeð bæjarstjórn hefur látið
birta honum, þá hefur bæjarstjórnin falið mjer
á hendur að fá um greind takmörk landa=
merkjadóm. Ætlar svo bæjarstjórnin að
krefjast dóms fyrir því, að landamerki Reykja=
víkurlands að austan og Eiðs að vestan og
norðan sjeu: Fyrst garður sá, kallaður Stein-
bogi, sem gengur alla leið frá sjó (Skerjafirði) norður
yfir nesið í vesturendann á Eiðstjörn, svo
Eiðstjörn að norðanverðu austur á móts við
tanga einn, sem gengur úr Eiðsgranda suður
í Eiðstjörn austanverða, og skal þaðan draga
línu yfir sker það við Eiðsgranda austanverðan,
er beri á miðja Reykjavíkur-hólana, sem svo
eru nefndir, allt eptir því, sem gömul og ný
skjöl og skilríki sanna.

Fyrir því stefnist hjermeð Eiríki Bjarnasyni
bónda á Eiði til þess að mæta fyrir landa=
merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á þeim stað og tíma, sem dómarinn ákveður með áritun sinni á þessa stefnu, til þess þar og þá að fá skjöl og skilríki í rjett lögð, málsútlistun að heyra, til sóknar að svara og dóm að meðtaka: því allt er að framan segir, til málskostnaðar út láta, allt samkvæmt því, er stefnandinn nákvæmar ætlar sjer að framsetja fyrir rjettinum. Löglagur er úr lögum numinn með tilsk. 3. júní 1796

Reykjavík 15. júlí 1884.

E. Th. Jónassen

Sök sú, er framanrituð stefna umræðir, verður fyrirtekin í aukarjetti sýslunnar í skólahúsinu að Mýrarhúsum mánudaginn 4. ágústmán. þ. á. kl. 12 um hádegi, og verða þá meðal annars nefndir menn í landamerkjadóm. Eiga málspartar þar og þá að mæta.

Til staðfestu nafn mitt og innsigli. –

Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu 19. júlí 1884.

Kristján Jónsson
(L. S.)

Borgað með 41 –
fjörutíu og einum eyri.
Kr. J. –

Ár 1884 hinn 19. júlím. höfum vjer undirskrifaðir birt framanskrifaða stefnu bóndanum Eiríki Bjarnasyni á Eiði persónulega á heimili hans. Þetta vitnum við í krapti unnins eiðs með undirskrifuðum nöfnum og hjásettum signetum. –

Þórður Jónsson
selbur
(L. S.)

Ingjaldur Sigurðsson
(L. S.)

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu að Mýrarhúsum 4/8 1884.

Kristján Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## No 3.

Með því Eiríkur Bjarnason á Eiði í Seltjarnarneshreppi eigi vill viðurkenna, að takmörk þau, er bæjarstjórn Reykjavíkur álítur vera milli Eiðis lands og Reykjavíkur-lands sjeu hin rjettu, og því algjörlega hefur að þessu leyti mótmælt landamerkjalýsingu þeirri, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur látið birta honum, og hefur ritað mótmæli sín á lýsinguna, þá hefur bæjarstjórnin falið mjer á hendur, að fá landamerkjadóm að því er snertir takmörkin milli ofantjeðrar jarðar í Seltjarnarneshreppi og kaupstaðarins Reykjavíkur. Fyrir þessa sök leyfi jeg mjer, áður enn jeg fer lengra út í þetta mál, að biðja hina háttvirtu sáttanefnd í Seltjarnarneshreppi að kalla mig og velnefndan Eirík Bjarnason sem fyrst fyrir sig, til þess að reyna, hvort hann eigi fyrir tillögur sáttanefndarinnar fást til að viðurkenna takmörk þau milli jarðarinnar Eiðis og Reykjavíkur-bæjar, sem sett eru í landamerkjalýsingu bæjarstjórnarinnar.

Getist sátt eigi komist á, óska jeg að málinu verði vísað til landslaga og rjettar.

Bæjarfógetinn í Reykjavík
hinn 12. febrúarmánaðar 1884.

E. Th. Jonassen.

Til sáttanefndarinnar í Seltjarnarneshreppi.

Samkvæmt framanskrifaðri kæru innkallast hjermeð:

Kærandinn, bæjarfógeti E. Th. Jonassen fyrir hönd Reykjavíkurkaupstaðar og kærði, Eiríkur bóndi Bjarnason á Eiði til þess að mæta fyrir sáttanefnd Seltjarnarneshrepps á skrifstofu Suðuramtsins í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mánudaginn 18. þ.m. kl. 1. e.m. og mun þá verða leitað um sættir í máli þessu. —

Íslands suður amt, Reykjavík 13. februarm. 1884.

Magnús Stephensen
settur. —

Mjer löglega birt
Eiríkur Bjarnason

Ár 1884, mánudaginn 18. februarm. var sáttafundur haldinn í máli þessu af amtmanninum í suðuramtinu sem sáttanefndarmanni í Seltjarnarneshreppi. Báðir málspartar voru sjálfir mættir. Sáttatilraun í málinu varð árangurslaus og var málinu því eptir ósk kærandans vísað til landslaga og rjettar.

Magnús Stephensen
settur. —

Lagt fram í aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 4. ág. 1884.
Kristján Jónsson —

Brg. rjettargjöld 1 kr. 41. e.
Kr. J. —

Stefnandinn krefst þess, að útnefndir sjeu menn í landamerkjadóm til að dæma um mál þetta. Stefndi, Eiríkur Bjarnason er sjálfur mættur, en leggur fram umboðsskjal, dags. í dag, fyrir Cand. jur. Skúla Thoroddsen, sem mættur er í rjettinum, til þess að taka að sjer vörn í máli þessu fyrir hans hönd; auðkennist nr. 4. og hljóðar þannig:

Nr. 4:

Hjermeð gef jeg undirritaður herra málfærslumanni Skúla Thoroddsen umboð mitt ótakmarkað til þess að halda uppi vörn í máli því, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefur hafið gegn mjer út af landamerkjunum milli Reykjavíkur og Eiðis. Allt, sem Skúli Thoroddsen gerir í máli þessu, skal vera jafn gilt og gott, sem jeg sjálfur gert hefði.

Eiði 4. ág. 1884. Eiríkur Bjarnason

Framlagt í aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 4/8. 1884. Kristján Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá nefndi rjetturinn þessa menn í dóm til að útkljá og dæma um landaþrætumál þetta:

Kristinn Magnússon í Engey
Brynjólf Bjarnason í Engey
Magnús Stephensen í Viðey
Þorlák Guðmundsson í Hvammkoti
Erlend Erlendsson í Breiðabólsstöðum
Þórð Runólfsson í Móum
Gísla Gíslason í Leirvogstungu
Chr J. Matthíasson á Hlíði.

Stefnandinn nefndi þessa 2 menn úr dómsmenn:

Magnús Stephensen í Viðey
Þórð Runólfsson í Móum.

Stefndi nefndi þessa 2 menn úr dóminum:

Gísla Gíslason í Leirvogstungu
Chr. J. Matthíasson í Hlíði:

Er þá dóminum skipaður þessum mönnum.

Kristinn Magnússon Engey
Brynjólfur Bjarnason Engey
Þorlákur Guðmundsson Hvammkoti
Erlendur Erlendsson Breiðabólsstöðum.

Umboðsmaður stefnda biður þá um frest í málinu til varnar í málinu, og varð það að samkomulagi með málspörtum, að sókninni skuli fresta til föstudags, sem næstur er eptir jónsmessu næsta ár 1883. Eiga dómendur og málspartar þá að mæta að Mýrarhúsum kl. 11. f. h. og merkja ganga þá þegar fram að fara. Skjölin № 1–4 afhent umboðsmanni stefnda.

Rjetti slitið
Kristján Jónsson

Málspartar:
E. Th. Jonassen
Skúli Thoroddsen.
Eiríkur Bjarnason.

Vottar:
Guðmundur Ólafsson
Ólafur Sigvaldason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1885, hinn 3. dag júlímán. var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Mýrarhúsum og haldinn af hinum reglulega dómara sýslumanni Kristjáni Jónssyni með vottum Ólafi Guðmundssyni og Böðvari Böðvarssyni. —

Var þá fyrirtekið málið: Bæjarstjórnin í Reykjavík
gegn
Eiríki Bjarnasyni út af landamerkjum milli Reykjavíkur og Eiðslands.

Máli þessu hefur verið frestað til þessa dagssamkomu sameiginlegri ósk beggja málsparta.
Hinir útnefndu dómsmenn eru mættir:

Kristinn Magnússon
Brynjólfur Bjarnason
Þorlákur Guðmundsson
Erlendur Erlendsson.

Undirrituðu þeir eiðstaf, sem framlagðist, auðkenndist No 5, þannig hljóðandi: —

No 5:

Við undirritaðir, sem nefndir erum í landamerkjadóm til þess að dæma um merki milli Reykjavíkurlands og Eiðslands, lofum því hjermeð og staðfestum það með eiði, að við skulum dóm þennan svo byggja og mál þetta svo dæma, sem vjer vitum sannast og rjettast.

Svo sannarlega hjálpi oss guð og hans heilaga orð.

Í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3. júlímán. 1885

Kristinn Magnússon. Brynjólfur Bjarnason
Erlendur Erlendsson. Þorlákur Guðmundsson

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu að Mýrarhúsum 3/7. 1885.

Kristján Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar er mættur bæjarfógeti E. Th. Jonassen, fyrir hönd stefnda er mættur landshöfdingja ritari Jón Jensson eptir fullmakt, er framlögð og auðkennist No 6 og hljóðar þannig:

No 6:

Hjermed gef jeg undirskrifaður landritara Jóni Jenssyni fullt og átakmarkað umboð mitt til að mæta fyrir mína hönd og svara til landamerkjamáls þess, er jeg á í við Reykjavíkurbæ, út af landamerkjum eignarjarðar minnar Eiðs að innanverðu, og skal því allt, sem nefndur landritari gjörir, eða gjöra lætur í máli þessu fyrir mína hönd, vera eins gott og gilt og jeg það sjálfur gjört hefði. –

p. t. Reykjavík 2. júlí 1885.
Eiríkur Bjarnason

Framlagt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7. 1885.
Kristján Jónsson.

Skilar hann gjestliminu, aptur skjölunum No 1-4.
Umboðsmaður stefnanda leggur þá fram:
No 7. sókn með 6 fylgiskjölum og einu korti, er auðkennist No 8-14. –

Af skjölum þessum fylgja þessi agtis:
/. No 9: útskript úr þingbók Kjósar- og Gullbringusýslu
/. – 10: Útskript úr aukaþingbók Reykjavíkurkaupstaðar
/. – 11: Útdráttur úr Cod. Arna Magn. Chart. No 238 4o fol.
/. – 12: Afskript úr handritasafni biskups Hannesar Finnssonar.
/. – 13: Útskript úr visitatiubók Reykjavíkurkirkju.
/. – 14: Kort. – Skjölin No 7-8 hljóða þannig:

No 7:

Sókn

í málinu: E. Th. Jónassen bæjarfóg.
fyrir hönd bæjarstjórnarinnar
í Reykjavíkur-Kaupstað
gegn
Eiríki Bjarnasyni bónda
á Eiði í Seltjarnarneshreppi
út af
landamerkjum milli Eiðs og Reykjavíkur-
kaupstaðar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg leyfi mjer hjermeð að leggja fram í dag:

1. Lýsingu, dags. 15. febr. 1883 á landamerkjum milli kaupstaðarins og Eiðs og Lambastaða að vestanverðu, er bæjarstjórnin hjet semja sameiginlegt fyrir-mælum landamerkjalaganna eptir þeim skjölum og skilríkjum, er hún hefur fyrir landamerkjum kaupstaðarins

2. Mótmæli Eiríks bónda Bjarnasonar í Eiði gegn þessari landamerkjalýsingu bæjarstjórnarinnar dags. 31. ág. 1883 (NB: ritud á sjálfa landamerkjalýsinguna)

3. Útskript af þingbók Kjósar- og Gullbringusýslu af áreiðargjörð er framin var á landamæri Reykjavíkurbæjar að vestanverðu og Seltjarnarneshrepps 17. febr. 1879. —

4. Uppdrátt eptir búfræðing Halldóri Hjálmarssyni yfir landamerkin að vestanverðu við Reykjavík og eru á honum niður sett mörk þau, er varð að álitum meðal áreiðarmannanna, að væru hin rjettu, við áreiðargjörðina 17. febr. 1879.

5. Útskript úr aukaþingbók Reykjavíkur og rjettarhaldi 24. febr. 1881, þar sem menn þeir, er framdu áreið þá 17. febr. 1879, sem að framan er nefnd, lýstu því yfir, að uppdrátturinn þessi væri rjettur, eptir úrslitum áreiðarinnar.

6. Eptirrit af áreiðarbrjefi, milli Reykjavíkur, Lambastaða og Eiðis anno 1600 úr handritasafni biskups Hannesar Finnssonar, í landsbókasafninu hjer.

7. Eptirrit af gömlu skjali í handritasafni Árna Magnússonar No 238 4to fol. 27a og 28a í háskólabóka-safni Kaupmannahafnar um landamerki milli Víkur, Örfiriseyjar, Eyðs og Lambastaða.

8. Útskript úr visitatiubók Reykjavíkurkirkju löggiltri 21. júlí 1778 bls. 2-3. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með skírskotun til þessara skjala og hinna framlögðu sáttakæru og stefnu — en þau 2 skjöl frekar mótpartsins lét við síðasta rjettarhald — gjöri jeg þá

Rjettarkröfu:

að dómur gangi fyrir því,

1º að rjett landamerki á milli Eiðs að neðanverðu og norðanverðu, og Reykjavíkurlands að austanverðu, sjeu: forngarður sá, „Steinbogi" kallaður, sem gengur alla leið frá sjó (Skerjafirði) norður yfir nesið í vesturendann á Eiðstjörn, svo Eiðstjörn að norðanverðu austur á móts við tanga einn, er gengur úr Eiðsgranda suður í Eiðstjörn austanverða og skal þaðan ráða bein lína, sem dregin er yfir sker það, við Eiðsgranda austanverðan, er ber í miðja Kkurhólma, þannig að norðurendi línunnar lendir á miðjum hólminum þessum, en línan framlengd suður lendir í Eiðstjörn.

2º að stefndi borgi til stefnandans kostnað við mál þetta með 60 krónum, eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Legg og svo málið í dóm með fyrirvara. —

Reykjavík 29. júní 1885

Virðingarfyllst
E. Th. Jónassen

Til
landamerkjadómsins Kjósar- og Gullbringusýslu

4

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7. 1885.

Kristján Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 8:

Útdráttur

Eptir að vjer undirskrifaðir höfum eptir boði hinnar heiðruðu bæjarstjórnar á fundi 21. desember m. 1882 rannsakað skjöl þau, sem vjer höfum haft undir höndum og getað aflað viðvíkjandi landamerkjum Reykjavíkurlands, verða landamerki þau, sem nú skal greina:

1, . . .

2, að sunnanverðu verða landamerkin: Fossvogur frá Hangandi og vestur að Hanghamri, sem einnig er nefndur Mígandi, sem er framslútandi hamar, norðaust í landsuður frá Nauthól, þaðan liggja landamerkin beina stefnu í norður átt að stórum klettisdasteini í vestanverðri Öskjuhlíð, sem á er klappað orðið Landamerki og þar undir ártalið 1839 og ofan á hann kross (X). Úr þessum steini eru landamerkin bein lína í stein einn syðst og austast í Skildinganeshólum, sem og er á klappað orðið Landamerki og þar undir ártalið 1839. Þaðan eru landamerki bein lína í Lambhól niðri við Skerjafjörð; úr því ræður Skerjafjörður vestur að garði þeim, sem til forna hefur hlaðinn verið frá sjó austanvert við Tjarnarhúsavikið og vestanvert við Kaplaskjól, beina stefnu norður yfir nesið og í vesturendann á Eiðstjörn, og sem nefndur er Steinbogi, og er:

3, garður þessi landamerki bæjarlandsins að vestanverðu.

4, Að Norðanverðu ræður Eiðstjörn austur á móts við tanga einn, sem gengur úr Eiðsgranda suður í Eiðstjörn austanverða, og skal þaðan draga línu yfir sker það við Eiðsgranda austanverðan, er beri í miðja Reykjavíkur-hólina, sem svo eru nefndir; úr því ræður Kollafjörður unz Rauðarárland tekur við.

5, . . .

6, . . .

7, . . .

8, Þegar til landamerkja kemur millum Sels

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Reykjavíkur, getum vjer eigi betur sjeð en (að) land Sels sjeu aðeins hin umgirtu tún, eptir því sem garðarnir ráða umhverfis þau, þannig að það land vestanvert við Sel, sem dyrkt er, heyri eigi beinlínis Selit til.

9, Bráðræðisland er heldur eigi meira en ~~sáðreitir~~ aðeins tún það, sem var þá, þegar hinn núverandi eigandi þess keypti það nokkru fyrir 1860. en síðan hefur hann stækkað túnið mikið, og fáum vjer eigi sjeð, að hann geti kallað útgræðslu þessa sína eign, nje heldur mýri þá, sem hann hefur ræktað sunnanfram Eiðstjarnar austanverðar, og hið sama verður ofaná um blett þann, sem Bráðræðis=eigandinn hefur umgirt og ræktað niðri við sjóinn norðaustanvert við veginn, eða við endann á Eiðsgranda. –

Á hinn bóginn getum vjer eigi neitað því, að líkindi eru til, að Sel hafi átt nokkurt tilkall til afnota útjarðar Reykjavíkur að rjettri tiltölu við bæinn og Hliðarhús. En til þess að komast hjá rannsókn-um á þessu atriði, og ef tilvill málaferlum, vildum vjer ráða hinni heiðruðu bæjarstjórn til, að sleppa kröfum sínum til þess lands, sem eigandi Bráð-ræðis nú þegar hefur grætt út og yrkt, þ. e. út-græðslu Bráðræðistúnsins, mýrar þeirrar, er hann þegar hefur yrkt við enda Eiðstjarnar og hins umgirta bletts niðri við sjóinn gegn því að hann sleppi að sínu leyti öllu tilkalli til nokkurs annars hluta útjarðar Reykjavíkur, eða þess lands, sem liggur fyrir utan áður nefndar girðingar á Seli og Bráðræði: –

10, . . . . . . . –

11, . . . . . . . –

Reykjavík hinn 15. febr. 1883

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson G. Þórðarson

Nefndarálit þetta er samþykkt –

af bæjarstjórninni á fundi hennar 15. febr. 1883
vottar E. Th. Jónassen. —

Rjettan útdrátt staðfestir E. Th. Jónassen

Framanskrifaðri ~~landa~~merkjalýsingu mótmæli jeg að nokkru leyti, eins og meðlögð landamerkjalýsing mín sýnir.

Eiði 18. maí. 1883.

Eiríkur Bjarnason

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7. 1885. —

Kristján Jónsson. —

Umboðsmaður stefnda leggur fram:

No. 15: Merkjalýsingu hins stefnda fyrir Eiði
– 16–20: Vottorð elztu manna um hin umdeildu landamerki

Skjöl. þessi hljóða þannig:

No. 15:

Markalýsing

Samkvæmt lögum um landamerki af 17. marts 1882 skal jeg hjermeð lýsa landamerkjum eignar og ábúðarjarðar minnar Eiðs í Seltjarnarneshreppi.

1. Úr eystri enda garðs þess. sem liggur á melnum milli Lambastaða og Eiðs og nefndur er prófastsgarður og þaðan dregna beina línu í austur fyrir sunnan Eiðstjörn og í hina nyrstu þúfu, er hæst ber á á Lambastaðaholti, og verður lína þessi hjer um bil

NB/ — 5 faðma frá tjörninni að sunnanverðu þar sem hún gengur lengst til suðurs í mýrina og aptur úr fyrnefndri þúfu línu dregna í norður yfir Eiðsgranda í sker það er vestanvert við lendingu í Grandabót, og þaðan í miðja Reykjavíkurhólma. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta mína landamerkjalýsingu skora jeg á hina heiðruðu bæjarstjórn Reykjavíkur að rita í samþykki sitt, eða þá mótmæli, ef hún finnur ástæðu til þess, og óska jeg mjer svo endursent blaðið.

Eiði 18. nóv. 1883

Eiríkur Bjarnason.

* * *

Framanskrifaðri landamerkjalýsingu mótmælum vjer fyrir hönd Reykjavíkur bæjar, þar eð hún eigi er rjett gagnvart landi bæjarins.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur 16/7. 1884.

E. Th. Jónassen. L. Sveinbjörnsson. H. Kr. Friðriksson. Þorlákur O. Johnson. P. O. Gíslason. G. Þórðarson.

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7. 85.

Kristján Jónsson.

## No. 16.

Þegar jeg undirskrifaður var vinnumaður hjá herra háyfirdómara Þórði Sveinbjörnsen í Nesi, man jeg það, að húsbóndi minn hafði torfristu í hinni svokallaðri Eiðsmýri sunnanverðt við Eiðstjörn, þá átalið af öllum; þetta votta jeg eptir beztu vitund, og er fús til að staðfesta það með eiði, ef krafist verður.

Ægisíðarkoti 2. júlí 1885.

Þórður Torfason

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7. 1885

Kristján Jónsson.

## No. 17.

Þegar jeg undirskrifaður var vinnumaður í Nesi við Seltjörn hjá Þórði sáluga Konfer. Sveinbjörnsen þá var fengið leyfi til að rista torf í vötavelli, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kalladur hefur verid hjá bóndanum á Eidi, og man jeg ekki til, ad nokkur madur frá Reykjavík eignadi sjer þad land. Þetta vottorð gef jeg eptir beztu vitund og vil staðfesta með eiði, ef krafist verður.

Hollagörðum 20. maí 1885
Einar Hjartarson

Lagt fram í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 3/7. 1885.
Kristján Jónsson. –

## No 18:

Jeg undirskrifaður er 66 ára gamall, og hef alla mína æfi verið hjer til heimilis fyrir framan Eiðsgranda.

Þegar jeg var að alast upp hjá föður mínum sáluga Guðmundi Pálssyni bónda í Mýrarhúsum, man jeg eptir að fengið var leyfi hjá bóndanum að Eiði og Lambastöðum til að fá sumarbeit fyrir kýrnar í mýrinni að sunnanverðu við Eiðstjörn í Votavelli, sem nefndur hefur verið; líka man jeg eptir, að þar var fengin heytorfrista hjá Eiðsbóndanum og heyrði jeg aldrei mótmælt frá nokkrum manni, sem land átti.

Þetta vottorð gef jeg eptir beztu vitund og undir eiðstilboð, ef krafist verður. –

Bakkakoti 20. júní 1885.
Páll Guðmundsson. –

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7. 1885
Kristján Jónsson. –

## No 19:

Þegar jeg ólst upp hjá foreldrum mínum á Eiði í Seltjarnarneshreppi voru þessi landamerki kölluð, sem Eiðið átti: Á innsíðunni að Selslandi, í miðgarð á Eiðsgranda, úr honum sjónhendingu á efstu og stæðstu þúfu í Lambastaðaholti, og úr henni í grástein sunnantil í Hjeðinsholti, úr þeim steini sjónhendingu í Oddhól, og þaðan

NB

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í þúfu, sem er á ásdinni fyrir sunnan og ofan Eidi, aptur þadan í innri Valhúsvördu og úr henni í innri enda á svanefndri Mýrarhúsatjörn. –

Þessi landamerki heyrdi jeg gamla menn segja, ad væru landamerki Eidsins, og þann tíma, sem fadir minn bjó þar, nytti hann Eidid ad þessum fyrnefndu takmörkum.

Þessu til stadfestu nafn mitt.

Litlaseli 5. júlí 1878.

Olafur Steingrímsson

Fús ad stadfesta med eidi
O. Steingrímsson. –

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7 1885.

Kristján Jónsson

## № 20:

## Vottord:

Jeg sem nú er 53 ára gamall, og hef alla mína æfi verid á Mýrarhúsum, hef frá því fyrsta jeg man til heyrt, ad Eidi ætti mýri þá, sem kölluð er Notivöllur, og sú mýri liggur nordur og vestur af Lambastadaholti fyrir sunnan innri enda Eidstjarnar inn ad landamerkjum Magnúsar ? Jónssonar á Bráðrædi og merkjum Lambastada, enda veit jeg það, ad Eidsbóndinn hefur brúkad þessa mýri til beitar bædi fyrir skepnur sínar og annara, enn fremur rist þar torf, og þá er Sveinbjörnsen sál. var búandi á Nesi beiddist torfskurd í þessari mýri hjá ábúandanum, sem þá = var á Eidi, er var Gudmundur Sveinbjörnsson og jeg heyrdi aldrei neinn ágreining rísa út af því ad Eidi ekki ætti þetta land. –

Þetta ber jeg eptir bestu vitund og get stadfest med eidi, ef krafist verdur. –

Mýrarhúsum 6. maí 1885

Olafur Gudmundsson

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 3/7 '85.

Kristján Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá var ákveðið að ganga á merki, og skal hefja merkjagönguna á Eiðsgranda.

Rjetti slitið
Kristján Jónsson

E. Th. Jónassen  Kristinn Magnússon  Þorlákur Guðmundsson
Jón Jensson  Brynjólfur Bjarnason  Erlendur Erlendsson
Ólafur Guðmundsson
Böðvar Böðvarsson.

* * *

Ár 1885, hinn 3. dag júlímán. var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Mýrarhúsum og haldinn af hinum reglulega dómara sýslunnar Kristjáni Jónssyni með meðdómsmönnunum Kristni Magnússyni, Brynjólfi Bjarnasyni, Þorláki Guðmundssyni og Erlendi Erlendssyni, og vottunum Ólafi Guðmundssyni og Böðvari Böðvarssyni. —

Var þá fyrirtekið málið:

Bæjarstjórnin í Reykjavík
gegn
Eiríki Bjarnasyni út af
landamerkjum milli Reykjavíkurlands
og Eiðslands. —

Umboðsmenn beggja málsparta eru mættir. Dómendur hafa gengið á hinum þrættu landamerki og nákvæmlega athugað alla afstöðu og landshagi. Nú leggur umboðsmaður stefnda fram:

Nº. 21: Afstöðuuppdrátt fyrir Lambastaða- og Eiðslandi.

/. Skjal þetta fylgir actis.

Málspartar óskuðu, að fá stundar-frest til að athuga hin framlögðu skjöl, og var það samþykkt af rjettinum. —

Að stundu liðinni var rjetturinn aptur settur, og var þá fyrir tekið málið:

Bæjarstjórnin í Reykjavík
gegn
Eiríki Bjarnasyni út af
landamerkjum. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Umbodsmadur stefnda bidur bókad: Um leid og eg krefst þess, ad landamerkjalýsingt sú, sem umbjódandi minn hefur fram lagt, verdi tekin til greina vid dóminn í öllum atridum, og ad honum verdi tildæmdur hæfilegur málskostnadur, þá skal jeg til studnings þessari kröfu minni fyrst og fremst skírskota til skjala þeirra, er jeg hefi fram lagt, en med þeim vona jeg ad verdi álitid sannad, ad hin tilnefndu landamerki hafi verid talin gild og vidurkennd og jördin med þeim gengid kaupum og sölum um langa tíd, svo lengi sem menn muna. Því næst skal eg út af skjölum mótpartsins taka fram, ad áreidargjördin frá 1879 og þá einnig uppdrátturinn, er henni fylgir og Rskj. No. 10 getur eigi haft neina þýdingu í þessu máli, þó ad svo sje til tekid í henni, ad landamerki skuli vera „svo og svo," því ad enga heimild hafa áreidarmenn til ad gefa slíkan úrskurd, enda var áreidargjördinni mótmælt af hlutadeigendum. Rjettarskjalid No. 12 get jeg af líkum ástædum eigi álitid ad hafi neina þýdingu, ad því vidbættu, ad eptirritid er ostadfest af mótpartinum; mótmæli eg því þessu skjali; sömul. mótmæli eg rjettarskj. No. 13 af sömu ástædum. Hvad rjettarskjalid No. 11 (Víkurmáldaga) snertir, þá veit eg eigi hvada lögjgildi sá máldagi hefur, en ad minnsta kosti þarf hann ad liggja fyrir annadhvort í original eda löggiltu eptirriti; eg mótmæli því þessu skjali. Legg eg svo málid í dóm med skírskotun til alls þess, er fram er komid af minni hálfu, mótmæli kröfum og sóknargögnum mótpartsins, og geymi umbjódanda mínum rjett sinn óskertan, ad því vidbættu, ad eg vil leida athygli dómaranna ad hinu háa mati jardarinnar Leids. Upplesid; stadfest.

Umbodsmadur stefnanda bidur bókad: 1o Eg mótmæli algjörlega, ad vottord þau, sem mótpartur minn í dag hefur lagt fram, hafi nokkra þýdingu, þar sem þau eru gefin utan rjettar og óeidfest. 2o Mótmæli eg

að neitt það sem mótparturinn hefur fram lagt til stuðnings sínu máli geti haft nokkura þýðingu í þessu máli, þar sem það er búið til til upplýsingar í landþrætu milli Bygggarðs á Seltjarnarnesi, og bæjarstjórn Reykjavíkur ekki hefur verið til kölluð, þegar kortið var búið til, nje nokkru sinni viðurkennt að það væri rjett. 3o Að því leyti mótparturinn hefur verið svo djarfur, að eg eigi um það brúki sterkari orð, að mótmæla gildi skjala, er eg hefi framlagt í eptirriti og eg hefi staðfest sem embættismaður, þá vænti jeg þess, að hinir heiðruðu dómendur ekkert tillit taki til slíkra mótmæla. Enda sýnir áreiðargjörðin frá 1879, að þessi sömu skjöl þá voru fram lögð, án þess þeim væri mótmælt. – Að því ennfremur mótparturinn hefur krafist þess, að Víkurmáldagi yrði lagður fram in originali, þá veit hann mjög vel, að vant er að leggja fram staðfest eptirrit af máldögum, en eigi frumritin, og það hefi eg gjört. Hvað viðvíkur hinum núverandi dýrleika Eiðs, get eg eigi sjeð, að það sanni neitt í þessu máli, með því að það er alkunnugt, að við hið síðasta jarðamat, voru gjafar-jarðir, sem hafa vergögn og gott útræði, metnar mjög hátt í samanburði við jarðir til sveita. Loks skal eg taka það fram, að þó að bóndinn frá Eiði hafi notað einhverntíma einhvern part af hinu umþrætta landi án leyfis frá Reykjavík, ~~þá~~ þá getur slík brúkun engan rjett yfir landinu heimilað honum. Skírskota eg svo til þeirra skjala, er eg hefi framlagt í málinu, mótmæli öllu og gjörtverju, sem framkomið er af hálfu mótpartsins, og legg málið í dóm. Upplesið; staðfest. –

Málið tekið undir dóm, og verður dómur uppkveðinn á mánudaginn kemur kl. 4 e. m. og verður það gjört á bæjarþingstofunni í Reykjavík með samþykki málsparta. – –

Rjetti slitið

Kristján Jónsson

E. Th. Jónassen
Jón Jensson

Kristinn Magnússon    Þorlákur Guðmundsson
Brynjólfur Bjarnason    Erlendur Erlendsson

Ólafur Guðmundsson. Böðvar Böðvarsson. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1885, hinn 6. dag júlím. var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur í Reykjavík og haldinn af hinum reglulega dómara sýslumanni Kristjáni Jónssyni, með meðdómendum Þorláki Guðmundssyni, Erlindi Erlindssyni, Kristni Magnússyni og Brynjólfi Bjarnasyni, með vottum Sigurði Jónssyni og Þóri Borgfirðing.

Var þá fyrir tekið málið:

Bæjarstjórnin í Reykjavík
gegn
Eiríki Bjarnasyni í Eiði
út af landamerkjum, —

og var í því uppkveðinn svo látandi

# Dómur:

Mál þetta, sem höfðað er af bæjarstjórn Reykjavíkur, og lagt hefur verið til sátta, eins og lög til standa, er risið út af ágreiningi um landamerki milli jarðarinnar Eiðis í Seltjarnarneshreppi öðrumegin og Reykjavíkurkaupstaðar hinumegin. – Stefnandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, telur merkin þessi: „eptir beinni línu úr, eða af miðjum Reykjavíkur-hólmunum yfir sker eitt lítið austarlega við Eiðsgranda, en vestanvert við svo kallaða Grandabót í tanga einn nordanvert við austurenda Eiðstjarnar. Þá ræður Eiðstjörn frá austri til vesturs, en úr suðvesturendanum á Eiðstjörn gamalt garðlag, er liggur beina stefnu suður yfir Seltjarnarnes að Skerjafirði, og kallað hefur verið Steinbogi."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stefndi telur þar á móti merkin þessi: „eptir beinni línu úr, eða af miðjum Reykjavíkur-hólmanum yfir sker eitt lítið austarlega við Eiðs-granda, en vestanvert við lendinguna í Grandabót, og þaðan eptir beinni línu suður yfir Eiðsgranda í þúfu þá, er hæst ber nyrst á Lambastaða-holti." Hvorutveggi málsparturinn hefur krafist dóms fyrir merkjum þeim, er hann telur rjett vera og fyrir málskostnaði. –

Dómendur hafa gengið á merkin, skoðað hina um-þrættu landspildu og rannsakað hin framlögðu skjöl og skilríki, en engin þeirra eru að áliti dóms-ins þess eðlis, að þau skeri skýlaust úr ágreiningnum um landamerkin. Að vísu hefur ~~vera~~ af hálfu stefnandans verið lagt fram skjal í eptirriti frá árinu 1575, er tilgreinir landamerki Víkur, Örfiriseyjar, Eiðis og Lambastaða, og sem kallað er „Víkurmáldagi," og er í skjali þessu merkjum lýst „milli Reykjavíkur og Eiðis" samkvæmt því, sem stefnandinn í máli þessu nú fer fram á. En skjal þetta inniheldur aðeins yfirlýsingu tveggja manna, sem annars eru alveg ó-þekktir, um landamerki Reykjavíkur gagnvart Eiði, og hefur yfirlýsing þessi fram komið við afhending jarðarinnar Reykjavíkur, án þess sjeð verði, að umráðamaður Eiðis hafi verið þar til kvaddur, eða átt nokkurn þátt í þeirri gjörð. Ennfremur hefur stefnandinn lagt fram til sönnunar fyrir sinni kröfu eptirrit af „áreiðarbrjefi milli Reykjavíkur og Eiðis anno 1600," en það verður eigi sjeð, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

umrádamadur Eidis hafi verid vid-
staddur þessa svo kölludu áreid, eda -
nokkru sinni samþykkt gjörd áreid-
armannanna, enda er hún eiginlega eigi
annad en yfirlýsing áreidarmannanna
á áliti þeirra um merkin. Að vísu er
í gjördinni vitnad til „kirkjunnar mál-
daga í Vík", en það er vafalaust um mitt
„máldagi" sá, sem getid er um hjer ad
framan, og sem eigi álízt hafa verulega
þýdingu í máli þessu. - Í áreidargjörd-
inni er komist svo ad ordi. ad merkin
sjeu: „vestur í grjótgardinn, sem liggur
fyrir sunnan Lambastadi". Þetta sunna-
ner eigi neinni átt, og virdist vera vafl
um annad tveggja, ad annadhvort
sje skjalid rangt skrifad, eda ad áreidar =
mennirnir hafi verid alls endis ókunn=
ugir, því ad med þessu móti ættu mörk
Reykjavíkur-lands ad liggja fyrir
sunnan Lambastadi, en það kemur eigi
til neinna mála. -

Med því ad stefnandinn ad áliti dómsins
eigi hefur sýnt lögmætar sannanir fyrir
merkjakröfum sínum, en adrar, eda
frekari sannanir hefur hann eigi
komid fram med en þær, sem felast
í framan nefndum skjölum, og med
því ad það á hinn bóginn er vafalaust,
ad þrætulandid hefur verid yrkt og
notad frá Eidi um mjög langt ára bil,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða svo lengi sem elztu menn muna, átölulaust af hálfu Reykjavíkur allt þangað til árið 1879, þá hefur dómurinn komizt að þeirri niðurstöðu, að að taka skuli landamerkjalýsingu hins stefnda til greina, enda virðist þetta eðlilegast eptir afstöðu prestulandsins, en það liggur nær því heim að túngarðinum á Eiði, eptir stefnu merkjalínunnar, sem með þessu móti verður ~~yfir nör~~ norðfells bein, og eptir dýrleika jarðarinnar sjerstaklega að fornu mati (16 + 2/3 ✠) en hún er að öðru leyti því nær útlandslaus.

Það þykir rjett, að allur málskostnaður falli niður, nema dagpeningar og ferðakostnaður sýslumanns og dagpeningar meðdómenda. Þessi kostnaður er 32 kr. að því leyti hann snertir mál þetta, og er hæfilegt að málspartar greiði hann hvor að helmingi. —

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Reykjavíkurlands og Eiðis á Seltjarnarnesi skulu vera: „eptir beinni línu úr miðjum Rauðkjavíkurhólnum yfir sker austarlega við Eiðsgranda, en vestanvert við lendinguna í Grandabót, og þaðan suður yfir Eiðsgranda eptir beinni línu í hina nyrstu þúfu, er hæst ber í Lambastaðaholti." —

Ofangreindan kostnað 32 kr. greiði stefnandinn og stefndi hvor að helmingi, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans; sæti ella aðför að lögum. —

Kristján Jónsson

Þorlákur Guðmundsson   Erlendur Erlendsson
Kristinn Magnússon   Brynjólfur Bjarnason.

Það var samþykkt af hlutaðeigandi málspörtum að rjettarhald þetta skyldi fram fara í Reykjavík.

Ofanritaður dómur var upp lesinn í heyranda hljóði, og að því búnu óskaði stefnandi málsins, að sýslumaður vildi ásamt dómendunum gefa yfirlýsingu um það, hvort garðlag það, sem getið er um í hinum fram lögðu skjölum stefnandans-eign hafi verið skoðað og sjeð af dómendunum. — Dómendur tóku þetta til yfirvegunar og úrskurða:

að engin ástæða sje til að gefa frekari yfirlýsingu í þessa átt fram yfir það, sem dómurinn með sjer ber.

Rjetti slitið.

Kristján Jónsson

Þorlákur Guðmundsson. Erlendur Erlendsson
Kristinn Magnússon. Brynjólfur Bjarnason.
E. Th. Jonassen. Jón Jensson.
Jón Borgfirðingur Sigurður Jónsson

Dómsgjörðum þessum til staðfestingar er nafn mitt og innsigli sýslunnar.

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu, 29. júlí 1885

Kristján Jónsson

Ritgjald kr 3. 00
Staðfest. og innsigl. 0.41
3.41
eru þrjár kr. og 41 aur.
K.J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur